



## Tillögur mennta- og menningarmálanefndar til ársþings SASS 2012.

### *Í nefndinni sátu eftirtaldir:*

*Eydís Þ. Indriðadóttir formaður  
Kristín Hreinsdóttir  
Hildur Sólveig Sigurðardóttir  
Sigríður Lára Ásbergsdóttir  
Sandra Dís Hafþórsdóttir  
Helgi Kjartansson  
Kristján Guðnason  
Ninna Sif Svavarsdóttir  
Halldóra Hjörleifsdóttir  
Steindór Tómasson  
Þorsteinn M. Kristinsson  
Dorothee Lubecki*

*Ásahreppur  
Skólaskrifstofu Suðurlands  
Vestmannaeyjar  
Sveitarfélagið Ölfus  
Sveitarfélagið Árborg  
Bláskógabyggð  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hveragerðisbær  
Hrunamannahreppur  
Rangárþing ytra  
Skaftárhreppur  
Menningarfulltrúi Suðurlands*

### **Áskorun til ríkis og sveitarfélaga**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, leggur ríka áherslu á uppbyggingu menntunar á öllum skólastigum og góðrar aðstöðu til fjarkennslu í öllum fjórðungnum. Gott aðgengi að menntun er ein mikilvægasta forsenda byggðar í landinu og stuðlar að nýsköpun í atvinnulífi. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla aðgengi fólks að endur- og símenntun.

### **Verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, lýsir yfir ánægju með fyrirætlanir ríkisins og sveitarfélaga á starfssvæði Fjölbrautaskóla Suðurlands um byggingu verknámshúss við skólann. Mikla áherslu þarf að leggja á að vinna gegn brottfalli nema úr framhaldsskólum og er aukið og fjölbreytt verknám við framhaldsskólann þar grundvallaratriði. Ljóst er að brottfall úr framhaldsskólum og hátt hlutfall fólks sem hefur aðeins lokið grunnskólanámi er verulegt vandamál sem ráða þarf bót á, ekki síst með tilliti til aukins atvinnuleysis einkum hjá ungu fólki. Þá er ljóst að fleiri og fjölbreyttari námsleiðir sem standa nemendum til boða styrkja atvinnulíf á svæðinu þegar til framtíðar er litið. Bygging verknámshúss við Fjölbrautaskóla Suðurlands er því mikið framfaraskref fyrir íbúa svæðisins.

### **Háskólafélag Suðurlands og önnur þekkingarsetur á Suðurlandi**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, lýsir yfir ánægju með starfsemi Háskólafélags Suðurlands og þá fyrirætlun félagsins og Fræðslunets Suðurlands að flytja starfsemi sína í sameiginlega miðstöð þessara stofnana. Einnig leggur ársþingið áherslu á að ríkisvaldið tryggi félaginu og þeim háskóla- og þekkingarsetrum sem



Þegar eru starfandi og í undirbúningi, fjármagn til reksturs. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi uppbyggingu og fjármagn til nýrra þekkingarsetra svo sem á Kirkjubæjarklaustri. Jafnframt skorar ársþingið á aðildarsveitarfélögin að efla samstarf sitt við háskóla- og þekkingarsetur á svæðinu. Þá leggur ársþingið áherslu á að fjarkennsla verði notuð í auknum mæli til að bjóða upp á fjölbreytt nám víða á landinu með samstarfi við þekkingarsetur og símenntunarmiðstöðvar. Mjög mikilvægt er að greiða fyrir aðgengi fullorðins fólks að framhalds- og háskólanámi á Suðurlandi, ekki síst þegar kreppa ríkir í atvinnumálum. Þar gegna háskólafélagið og símenntunarmiðstöðvarnar lykilhlutverki.

### **Bætt aðgengi að menntun - ljósleiðari**

Ársþing SASS haldið á Hellu 18. og 19. október 2012 skorar á ríkisvaldið að beita sér fyrir því að tryggð verði framlög til ljósleiðaravæðingar á Suðurlandi.

Tækifæri til sí og -endurmenntunar á hvaða sviðum atvinnulífsins sem er eru forsenda fyrir því að búseta á Suðurlandi sé fýsilegur kostur. Öflugar nettengingar eru forsenda fyrir því að íbúar Suðurlands geti stundað nám með vinnu.

### **Háskólanám í matvælafræði**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, ítrekar ályktun síðasta ársþings um að kannaðir verði möguleikar á að Háskóli Íslands í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands og þekkingarsetur á Höfn í Hornafirði og í Vestmannaeyjum komi á fót grunnnámi í matvælafræði/matvælaþekknifræði á Suðurlandi en það nám hefur átt undir högg að sækja við H.Í. á undanförunum árum. Bent er á í þessu sambandi að á Suðurlandi er mikil og fjölbreytt matvælaframleiðsla, Matvælastofnun er staðsett á Selfossi og starfsstöðvar MATÍS á Höfn og á Flúðum.

### **Stefnumótun í menntamálum á Suðurlandi vegna sóknaráætlunar 20/20**

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, samþykkir að áfram verði unnið að stefnumótun í menntamálum fyrir starfssvæði samtakanna sem ná til leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, háskólamenntunar og sí- og endurmenntunar. Nýtt verði þau tækifæri sem felast í nýjum námskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla. Hugað verði sérstaklega að aukinni samfellu í námi og tengsl skólastiga verði aukin. Í því sambandi verði sérstaklega kannaðir möguleikar á að sveitarfélög á Suðurlandi taki að sér starfsemi og rekstur framhaldsskóla á Suðurlandi. Um tilraunaverkefni yrði að ræða með sama hætti og verið hefur á undanförunum



árum varðandi rekstur ákveðinna málaflokka sem áður voru á hendi ríkisins s.s. málefni fatlaðra og rekstur heilsugæslu.

### **Samstarf sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis um ytra mat í grunnskólum**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélög á Suðurlandi til að standa saman að þróunarverkefni sem byggir á tilraunaverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um ytra mat í grunnskólum.

### **Innleiðing nýrra aðalnámskráa**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, hvetur mennta- og menningarmálaráðuneytið til að fylgja nýjum aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla úr hlaði með öflugri fræðslu og ráðgjöf til skóla og sveitarfélaga. Mikilvægt er að veita kennurum og stjórnendum í skólum öfluga handleiðslu við svo mikla breytingu á námskrám. Einnig hvetur árþingið sveitarfélög til að gefa skólafólki nauðsynlegt svigrúm og tíma til að vinna að innleiðingu námskráanna.

### **Menningarsamningar**

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hellu 18. og 19. október 2012, lýsir ánægju sinni með hversu vel fjármagn í þágu menningar hefur nýst á svæðinu en tekur undir ályktun stjórnar SASS um skiptingu framlaga til menningarsamninga þar sem ekkert tillit virðist tekið til íbúafjölda eða stærðar svæðanna. Skorað er á mennta- og menningarmálaráðuneytið að tryggja að í framtíðinni verði skiptingin byggð á skilgreindum forsendum með gagnsæjum hætti.